

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Blönduósbæjar
vegna athafnasvæðis við Húnabæ.

Skipulagsstofnun staðfesti 15. ágúst 2018 breytingu á aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030, sem samþykkt var í sveitarstjórn 13. júlí 2018.

Í breytingunni felst að skilgreint er nýtt 0,66 ha athafnasvæði (A4) fyrir tvær lóðir við Húnabæ í stað íbúðarsvæðis og óbyggðs svæðis. Samanlagt grunnflatarmál bygginga á svæðinu skal ekki fara yfir 400 m² og grunnflötur hverrar byggingar skal ekki fara yfir 200 m².

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 15. ágúst 2018.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 30. ágúst 2018